

2001-01-30

# Lýsigagnahandbók mrn

Leiðbeiningar og viðaukar við lýsigagnasniðið  
Dublin Core Metadata Element Set

Sigbergur Friðriksson tók saman  
fyrir þróunardeild menntamálaráðuneytisins

Janúar 2001

## Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	4
Lýsigögn	4
Skráningarreglur	4
Dublin Core	4
Sérgreinar (qualifiers)	7
Málskipan (syntax) í HTML 4.0	10
Tilvísanasviðið <LINK>	11
RDF og XML	12
Stafsetning og greinarmerki	12
Skráningarviðmót	12
Tenging lýsigagna við það sem þau lýsa	13
Skylduatriði	14
Uppsetning dæma	14
Atriði í Dublin Core	
Titill	15
Höfundur	16
Efni	18
Lýsing	20
Forlag	21
Víkjandi aðild	23
Tími	25
Tegund	28
Form	30
Kennimerki	32
Uppruni	34
Tungumál	36
Tengsl	37
Yfirgrip	41
Réttur	44
Viðbótaratriði	
Útgáfa eða breytt gerð	46
Markhópur	47
Staðall	48
Mat á efni	50
Skráningarupplýsingar	51
Viðauki 1 Markhópar	
Viðauki 2 Tegund efnis	
Viðauki 3 Form efnis	
Viðauki 4 Dublin Core Metadata Element Set, frumtexti ásamt þýðingu	
Viðauki 5 Dublin Core Qualifiers, frumtexti ásamt þýðingu	
Viðauki 6 Hjálpartextar við skráningarviðmót	
Viðauki 7 Skráningarviðmót - sýnishorn	
Viðauki 8 Skammstafana- og orðaskýringar	
Viðauki 9 Lýsigagnaslóðir	
Viðauki 10 Skráningardæmi	

## Formáli

Handbók þessi er tekin saman vegna fyrirhugaðrar menntagáttar menntamála-ráðuneytisins. Menntagátt á að opna aðgang að íslensku kennsluefni á vefnum sem uppfyllir ákveðnar gæðakröfur og er í samræmi við markmið námskráa. Hægt á að vera að leita á vel skilgreindan og markvissan hátt að efni, svo sem að efni sem hentar ákveðnum námsgreinum, aldurshópum eða öðrum markhópum. Leið að þessu markmiði er að taka upp lýsigagnaskráningu efnis.

Ákveðið var að miða fyrirhugaða skráningu við Dublin Core lýsigagnasniðið sem orðið er fastmótað og hefur verið lagt fram til samþykktar sem staðall í upplýsingatækni hjá bandarísku staðlastofnunni NISO og einnig hjá evrópsku staðlastofnunni CEN. Dublin Core er snið fyrir almennt efni og er útbreitt. Sérstakir vinnuhópar eru að störfum, sem gera tillögur um hvernig því skuli beitt, þegar það er notað við skráningu efnis sem gera má ráð fyrir að þarfnist einhverra viðauka við það. Vinnuhópar eru til bæði fyrir menntatengt efni og efni frá stjórnvöldum. Það mun án efa stuðla að samræmi í skráningu og auðvelda efnisleit ef sama grunnsniðið verður notað fyrir allt efni.

Staðfest atriði og sérgreinar (undiratriði og kerfisheiti) í Dublin Core lýsigagnasniðinu eru birt í tveimur skjölum: *Dublin Core Metadata Element Set, Version 1.1: Reference Description* <http://purl.org/DC/documents/rec-dces-19990702.htm> og *Dublin Core Qualifiers* <http://purl.org/DC/documents/rec/dcmes-qualifiers-20000711.htm>. Þessi tvö skjöl eru birt þýdd í viðauka við handbókina.

Handbókin er þannig upp byggð að þessum tveimur skjölum er steypt saman í eitt. Með hverju atriði er tiltekið hvaða sérgreina (undiratriði og kerfisheiti) geti átt við að nota í íslenskri lýsigagnaskráningu. Atriði og sérgreinar eru skýrð og leiðbeiningar eru um hvernig þeim skuli beitt og dæmi eru sýnd. Nokkrum atriðum hefur verið bætt við hin 15 atriði Dublin Core og hefur þá verið stuðst við tillögur vinnuhóps Dublin Core sem fjallar um menntaefni. Einnig hefur verið höfð hliðsjón af atriðum í öðrum lýsigagnasniðum fyrir menntaefni sem byggja á Dublin Core, svo sem EUN (European Schoolnet), EdNA (Education Network Australia), GEM (Gateway to Educational Materials). Lýsigagnasniðið LOM (Learning Object Metadata) hefur einnig verið haft til hliðsjónar en þeir aðilar, sem standa að Dublin Core og LOM, hafa tekið ákvörðun um að unnið verði að því að samræmi verði á milli DC og LOM.

# Inngangur

## Lýsigögn

Orðið lýsigögn hefur verið notað um það sem nefnt er "metadata" á erlendum málum. Í víðustu merkingu merkir "metadata" gögn sem lýsa öðrum gögnum. Til lýsigagna í þessari víðu merkingu má t.d. telja skráningarfærslu á spjaldi í spjaldskrá eða færslu í marksniði bókasafnskerfa. Orðið merkir hins vegar oftast staðlaða lýsingu á gögnum í rafrænu formi. Fjöldmörg lýsigagnasnið hafa verið gerð, mörg vegna sérstakra þarfa. Ítarlegt yfirlit yfir lýsigagnasnið og heimildir um lýsigögn er að finna lýsigagnasíðu IFLA (Alþjóðasambands bókasafna) <http://www.ifla.org/II/metadata.htm/>.

## Skráningarreglur

Gera verður greinarmun á skráningarreglum og lýsigagnasniðum. Skráningarreglur segja til um hvernig á að skrá, þ.e. hvaða atriði þurfa að vera í skráningartexta og hvaða atriði verða leitaratriði og hvernig staðla þarf framsetningu leitaratriðanna til þess ekki þurfi að leita að ólíkum orðmyndum eða heitum sama atriðis. Segja má að í hinum vestræna heimi séu Ensk-amerísku skráningarreglurnar í annarri útgáfu (*Anglo-American cataloguing rules, 2nd ed. (AACR2)*) raunstaðall í skráningu. Til er styttn gerð af þessum reglum á íslensku *Skráningarreglur bókasafna* og bent skal á að fylgja þeim. Grundvallaratriði í þessum reglum er að verk er skráð á þann aðila sem ber ábyrgð á efni þess í formi einhvers konar höfundaraðildar.

Lýsigagnasnið eru ekki skráningarreglur. Á lýsigagnasnið ber fremur að líta sem reglur um hvernig kóta skuli þau atriði, sem skráningarreglur kveða á um að skuli vera til staðar í skráningu, til þess að þau verði læsileg fyrir tölvur. Góðar leiðbeiningar um hvernig skuli kóta atriði endurspeglar þær skráningarreglur sem farið er eftir, þess vegna má lesa grundvallarreglur skráningarreglna út úr lýsigagnasniðunum.

## Dublin Core

Hið mikla magn efnis á vefnum gerir það að verkum að markvissar heimtur við leit eru nær ómögulegar. Ein aðferð til að bæta úr þessu er að láta staðlaða lýsingu, lýsigögn, fylgja gögnum sem sett eru á vefinn. Þá má byggja leit á þeirri lýsingu í stað víðrar textaleitar eins og algengt er.

Undir forystu OCLC (Online Computer Library Center) í Dublin, Ohio, og Library of Congress var hafið alþjóðlegt samstarf við að skilgreina lýsigagnasnið með fáum atriðum. Flest þessara atriða eru kjarninn í skráningu, sama hvaða reglum fylgt er eða hvert form efnisins er. Markmiðið var að fá höfundum efnis í hendur skýrt lýsigagnasnið til þess að þeir gætu sjálfir látið staðlaða lýsingu fylgja gögnum sínum. Árangurinn af þessu starfi varð sá að skilgreint var lýsigagnasnið, sem kennt er við uppruna sinn og nefnt Dublin Core Metadata Element Set (DCMES), oftast skammstafað DC <http://www.purl.org/DC/>. Sniðið er nú orðið fastmótað og endurskoðun á því og breytingar fylgja föstu ferli undir stjórn Dublin Core Metadata Initiative (DCMI).

Lýsigagnasniðið Dublin Core uppfyllir þau markmið sem höfð voru í huga við gerð þess.

- Sniðið er einfalt í notkun. Atriði eru fá en þau eiga að nægja þeim, sem ekki hafa sérstaka skráningarkunnáttu, til að lýsa gögnum það vel að hægt sé að leita að þeim á markvissan hátt.
- Sniðinu er ætlað að stuðla að samræmi. Ólík form lýsingar efnis á vefnum hefta möguleika á markvissri leit. Dublin Core er ekki einskorðað við sérstakt efni eða form efnis. Þegar ólíkar fræðigreinar geta sameinast um notkun lýsigagnasniðs eins og Dublin Core, auðveldar það þverfaglega efnisleit. Hægt er þá að ganga að því sem vísu að kjarninn í lýsingu efnis sé hinn sami og atriði séu merkt á sama hátt.
- Sniðið er árangur alþjóðlegs samstarfs leiðandi aðila í upplýsingatækni í öllum heimsálfum. Dublin Core hefur verið þýtt á fjölmörg tungumál og er sniðið meðal annars notað í þeim þjóðbókasöfnum á Norðurlöndum sem skrá efni sem er á vefnum. Dublin Core hefur verið lagt fram til samþykktar sem staðall í upplýsingatækni bæði hjá bandarísku og evrópsku staðlastofnunum.
- Sniðið er sveigjanlegt. Dublin Core var ekki gert með það í huga að geta nægt í öllum tilvikum. Auka má við atriðum og undiratriðum vegna sérparfa eftir settum reglum.

## Atriðin 15 í Dublin Core

Heiti atriðis	Merki	Skýring
Titill	Title	Titill gagna
Höfundur	Creator	Höfundur efnis
Efni	Subject	Efnisorð og flokkstölur
Lýsing	Description	Lýsing á efni, t.d. útdráttur
Forlag	Publisher	Aðili sem ber ábyrgð á útgáfu
Víkjandi aðild	Contributor	Aðili sem á víkjandi aðild að efni
Tími	Date	Útgáfuár eða skyld tímasetning
Tegund	Type	Tegund, flokkur gagna eða efnisform
Form	Format	Tækniheiti yfir form gagna
Kennimerki	Identifier	Einstakt kennimerki (númer) gagna, t.d. URL, ISBN
Uppruni	Source	Uppruni gagna (frumgögn)
Tungumál	Language	Tungumál á gögnum
Tengsl	Relation	Tengsl við önnur gögn
Yfirgríp	Coverage	Efnisorð fyrir staði og tímabil
Réttur	Rights	Réttur á gögnum og rétthafar

Af hálfu Dublin Core Metadata Initiative eru atriðin fimmtán sett fram í þessari röð. Röð atriða er hins vegar frjáls. Ekkert atriði er skylduatriði, öll eru valfrjáls og þau má endurtaka eins og þarf.

Yfirlitið yfir atriðin er skýrara ef atriðum, sem eiga eitthvað sameiginlegt, er skipað saman í flokka. Atriðunum má skipta í þrjá meginflokka:

- atriði sem teljast til einhvers konar ábyrgðar á gögnum
- atriði sem taka til lýsingar á gögnum
- atriði sem tengjast gerð eða útgáfu gagna.

Ábyrgð	Lýsing	Gerð
Höfundur	Titill	Tími
Víkjandi aðild	Lýsing	Tungumál
Forlag	Efni	Form
Réttur	Yfirgríp	Kennimerki
	Tegund	
	Tengsl	
	Uppruni	

## Sérgreinar (Qualifiers)

Til þess stuðla að samræmi og koma til móts þörf þeirra, sem nota Dublin Core, fyrir fíngreindara snið hefur Dublin Core Metadata Initiative sett fram sérgreina sem nota má til að þrengja merkingu atriðis. Sérgreinarnir skiptast í eftirtalda flokka:

- **Undiratriði (Element refinement)**  
Undiratriði þrengir merkingu atriðis en breytir henni ekki að öðru leyti, t.d. má sýna tíma þegar gögnum var breytt "DC.Date.Modified."
- **Kerfisheiti (SCHEME)**  
Kerfisheiti er heiti á einhverju kerfi sem gildi (texti) í atriði samræmist, t.d. gæti kerfisheiti SCHEME="ISO8601" fylgt dagsetningunni 2000-11-28 sem rituð er samkæmt staðlinum ISO 8601.
- **Tungumál (LANG)**  
Tungumál á texta, sem stendur í atriði í lýsigagnasniðinu, er hægt að sýna. Þessi sérgreinir getur því komið fyrir í þeim atriðum þar sem texti á að standa, t.d. getur kóti fyrir tungumál LANG="en" staðið á undan útdrætti á ensku. Atriðið *Tungumál* "DC.Language" er hins vegar notað til að sýna hvaða tungumál er á gögnunum sjálfum.

**Yfirlit yfir atriði í Dublin Core og sérgreina (undiratriði og kerfisheiti) sem DCMI hefur staðfest**

<b>Atriði (Merki)</b>	<b>Undiratriði (Merki)</b>	<b>Kerfisheiti (Merki)</b>
Titill ( <i>Title</i> )	Annar titill ( <i>Alternative</i> )	
Höfundur ( <i>Creator</i> )		
Efni ( <i>Subject</i> )		Efnisorð Library of Congress ( <i>LCSH</i> ) Efnisorð Medical Subject Headings ( <i>MESH</i> ) Dewey flokkunarkerfið ( <i>DDC</i> ) Flokkunarkerfi Library of Congress ( <i>LCC</i> ) UDC flokkunarkerfið ( <i>UDC</i> )
Lýsing ( <i>Description</i> )	Efnisyfirlit ( <i>TableOfContents</i> ) Útdráttur ( <i>Abstract</i> )	
Forlag ( <i>Publisher</i> )		
Vikjandi aðild ( <i>Contributor</i> )		
Tími ( <i>Date</i> )	Samning ( <i>Created</i> ) Gildistími ( <i>Valid</i> ) Aðgangstími ( <i>Available</i> ) Birting ( <i>Issued</i> ) Breyting ( <i>Modified</i> )	DCMI tímatáknun ( <i>Period</i> ) W3C tímatáknun ( <i>W3CDTF</i> )
Tegund ( <i>Type</i> )		DCMI tegundalisti ( <i>DCMIType</i> )
Form ( <i>Format</i> )	Umfang ( <i>Extent</i> ) Miðill ( <i>Medium</i> )	IMT tækniórðalisti ( <i>IMT</i> )
Kennimerki ( <i>Identifier</i> )		Samræmt gagnaaúðkenni ( <i>URI</i> )
Uppruni ( <i>Source</i> )		Samræmt gagnaaúðkenni ( <i>URI</i> )
Tungumál ( <i>Language</i> )		ISO 639-2 ( <i>ISO639-2</i> ) RFC 1766 ( <i>RFC1766</i> )
Tengsl ( <i>Relation</i> )	Fyrri gerð ( <i>IsVersionOf</i> ) Síðari gerð ( <i>HasVersion</i> ) Nýrri gögn ( <i>IsReplacedBy</i> ) Eldri gögn ( <i>Replaces</i> ) Gögn sem þurfa fylgigögn ( <i>IsRequiredBy</i> ) Fylgigögn ( <i>Requires</i> ) Heild ( <i>IsPartOf</i> ) Hluti ( <i>HasPart</i> ) Gögn með tilvitnunum ( <i>IsReferencedBy</i> ) Gögn sem vísað er til ( <i>References</i> ) Fyrri form ( <i>IsFormatOf</i> ) Síðara form ( <i>HasFormat</i> )	Samræmt gagnaaúðkenni ( <i>URI</i> )
Yfirgríp ( <i>Coverage</i> )	Staðsetning ( <i>Spatial</i> ) <hr/> Tímasetning ( <i>Temporal</i> )	DCMI staðsetning ( <i>Point</i> ) ISO 3166 ( <i>ISO3166</i> ) DCMI svæðismörk ( <i>Box</i> ) Thesaurus of Geographic Names ( <i>TGN</i> ) <hr/> DCMI tímatáknun ( <i>Period</i> ) W3C tímatáknun ( <i>W3CDTF</i> )
Réttur ( <i>Rights</i> )		



**Yfirlit yfir viðbótaratriði og sérgreina (undiratriði og kerfisheiti) sem lagt er til að nota í skráningu í gátt mrrn að menntaefni**

<b>Atriði (Merki)</b>	<b>Undiratriði (Merki)</b>	<b>Kerfisheiti (Merki)</b>
Höfundur ( <i>Creator</i> )	Nafn einstaklings ( <i>PersonalName</i> ) Auðkenni við nafn einstakl. ( <i>PersonalName.Id</i> ) Stofnunarnafn ( <i>CorporateName</i> ) Auðkenni við stofnunarnafn ( <i>PersonalName.Id</i> )	Kennitala ( <i>Kennitala</i> )
Forlag ( <i>Publisher</i> )	Nafn einstaklings ( <i>PersonalName</i> ) Auðkenni við nafn einstakl. ( <i>PersonalName.Id</i> ) Stofnunarnafn ( <i>CorporateName</i> ) Auðkenni við stofnunarnafn ( <i>PersonalName.Id</i> )	Kennitala ( <i>Kennitala</i> )
Víkjandi aðild ( <i>Contributor</i> )	Nafn einstaklings ( <i>PersonalName</i> ) Auðkenni við nafn einstakl. ( <i>PersonalName.Id</i> ) Stofnunarnafn ( <i>CorporateName</i> ) Auðkenni við stofnunarnafn ( <i>PersonalName.Id</i> )	Kennitala ( <i>Kennitala</i> )
Form ( <i>Format</i> )	Kerfisþarfir ( <i>X-Requirements</i> )	
Réttur ( <i>Rights</i> )	Verð ( <i>X-Price</i> )	Íslenskar krónur ( <i>IKR</i> )
Útgáfa ( <i>X-Version</i> )		
Markhópur ( <i>X-Audience</i> )		Listi yfir markópa ( <i>NOTENDUR</i> )
Staðall ( <i>X-Standards</i> )	Kennimerki ( <i>Identifier</i> ) Gerð eða útgáfa ( <i>Version</i> )	Samræmt gagnaauðkenni ( <i>URI</i> )
Mat á efni ( <i>X-Quality</i> )	Gæði ( <i>Value</i> ) Aðili sem mat efni ( <i>Authority</i> )	
Skráningarupplýsingar ( <i>X-Metadata</i> )	Aðili sem skráir ( <i>Creator</i> ) Netfang ( <i>Creator.Email</i> ) Skráningardagur ( <i>DateCreated</i> ) Breytingardagur ( <i>DateModified</i> )	<u>W3C tímatáknun (<i>W3CDTF</i>)</u>

### Athugasemdir

Undiratriðin *PersonalName* og *CorporateName* eru víða notuð og þótt DCMI hafi ekki staðfest þau er hér farið með þau sem slík, þ.e. þau eru ekki merkt með 'X-'. Önnur atriði og undiratriði, sem bætt hefur verið við, hefjast á 'X-'.

Ef nöfn eiga að vera í samræmi við nafnaskrá Íslenskrar bókaskrár í Gegni þá þarf að kóta íslensk mannanöfn nákvæmar og bæta við fæðingar- og dánarárum hvort sem kennitala verður notuð eða ekki.

Kerfisheiti fyrir íslensk efnisorðakerfi og tegund efnis hafa ekki verið ákveðin og eru ekki í töflunni.

## Málskipan (Syntax) í HTML 4.0

### Atriði án sérgreina

Hvert atriði í Dublin Core hefur ákveðið heiti, t.d. Titill eða annað heiti þessa atriðis á erlendum málum. Hvert atriði á sér ákveðið merki, t.d. DC.Title. Merki má aldrei breyta og það er alltaf haft í þessu formi (á ensku) þótt Dublin Core lýsigagnasniðið sé þýtt á önnur tungumál.

Lýsigögn standa í <META> sviði í HTML. Sviðið og allt sem í því er stendur alltaf innan oddklofa < >. Sviðið er endurtekið fyrir hvert atriði í Dublin Core sem notað er.

META svið hefur tvær eigindir (attribute):

- NAME sem er merki atriðis í lýsigagnasniði, merki stendur inna gæsalappa.
- CONTENT sem er gildið (textinn) sem stendur í atriðinu, gildið (textinn) stendur innan gæsalappa.

### Dæmi

```
<META NAME= "DC.Title" CONTENT= "Með afli þekkingar">
```

NAME er merkið á atriðinu sem er í þessu tilviki "DC.Title". Öll merki í Dublin Core hefjast á stöfunum DC til að gefa til kynna að merkin séu úr Dublin Core lýsigagnasniðinu. Ef merki er ekki úr Dublin Core verður að velja því aðra skammstöfun en DC.

CONTENT er gildið (textinn) í atriðinu sem í þessu tilviki yrði hinn eiginlegi titill "Með afli þekkingar".

Ef nota þarf sama atriði oft, t.d. ef höfundar eru fleiri en einn eða gefin eru mörg efnisorð, skal endurtaka sviðið en ekki setja mörg atriði saman.

### Dæmi

```
<META NAME= "DC.Subject" CONTENT= "Íslenska">  
<META NAME= "DC.Subject" CONTENT= "Réttritun">
```

## Atriði með sérgreinum

### Undiratriði

Undiratriði er bætt aftan við atriði og aðeins hafður punktur á milli. Notkun undiratriða er skýrð nánar í leiðbeiningum með hverju atriði í Dublin Core.

### Dæmi

```
<META NAME= "DC.Title" CONTENT= "Sjálfstæði Íslendinga">  
<META NAME= "DC.Title.Alternative" CONTENT= "Kennsluleiðbeiningar">
```

### Kerfisheiti

Ef gildi (texti) í atriði samræmist einhverju kerfi, t.d. efnisorða- eða flokkunarkerfi, skal kerfisheiti standa á undan gildinu. Kerfisheiti er táknað með `SCHEME="Kerfisheiti"`. Mikilvægt er, bæði vegna samræmis og til þess að bæta heimtur við leit, að nota þau stöðluðu efnisorða- og flokkunarkerfi og samræmda orðalista sem mælt er með að nota. Notkun kerfisheita er skýrð nánar í leiðbeiningum með hverju atriði í Dublin Core.

### Dæmi

```
<META NAME= "DC.Subject" SCHEME="DDC" CONTENT= "371">
```

### Tungumál

Tungumál á texta, sem stendur í atriði í lýsigagnasniðinu, er hægt að gefa til kynna. Þessi sérgreinir getur því komið fyrir í þeim atriðum þar sem texti á að standa, t.d. getur kóti fyrir tungumál staðið á undan útdrætti á ensku. Tungumál á texta í atriði í lýsigagnasniði er táknað með `LANG="skammstöfun tungumáls"`. Atriðið *Tungumál* "DC.Language" er hins vegar notað til að sýna á hvaða tungumáli gögnin sjálf eru.

### Dæmi

```
<META NAME= "DC.Description.TableOfContents" LANG="en" CONTENT= "The Settlement, Althingi, Sagas">
```

Í leiðbeiningunum er notkun þessa sérgreinis yfirleitt ekki sýnd í dæmum með þeim atriðum þar sem hann gæti þó átt við.

### Tilvísanasviðið <LINK>

Tilvísanasviðið <LINK> er stundum notað til að vísa til skilgreiningar á atriði í <META> sviði. Hægt er að láta hugbúnað, sem notaður er til að auðvelda setningu lýsigagna, bæta þessu sviði sjálfvirkt inn og er notkun þessa sviðs ekki sýnd í dæmunum.

### Dæmi

```
<META NAME= "DC.Title" CONTENT= "Sjálfstæði Íslendinga">  
<LINK REL= SCHEMA.dc  
  HREF= http://purl.org/dc/documents/rec-dces-19990702.htm#title>
```

## RDF og XML

Vefsamtökin W3C (World Wide Web Consortium) <http://www.w3.org/> hefur gert eins konar grind (Resource Description Framework) <http://www.w3.org/RDF/> sem sýna á hvernig lýsigagnasnið skuli upp byggð. Þetta er gert til að auðvelda vörpun milli sniða og gefur jafnvel möguleika á að nota atriði úr ólíkum lýsigagnasniðum í sömu lýsingu.

Dublin Core Metadata Initiative hefur ekki birt endanlegar leiðbeiningar um hvernig kóta á Dublin Core í XML en sú kótun verður tengd RDF, þess vegna eru dæmin aðeins sýnd í HTML 4.0. Fremsta dæmið í dæmasafninu er þó sýnt bæði í HTML og XML og þar er farið eftir nýlegri tillögu.

## Stafsetning og greinarmerki

Fylgja skal íslenskum stafsetningarreglum á texta sem stendur í lýsigagnasviðum. Stafsetning texta á erlendum málum skal fylgja stafsetningarreglum hvers tungumáls. Helstu stafsetningarreglur hvers tungumáls má finna í Ensk-amerísku skráningarreglunum (AACR2).

Nota skal venjulega greinarmerkjasetningu en fella brott greinarmerki sem ekki eru sett til þess að gera texta læsilegri. **Í texta í lýsigagnasviði** skal ekki nota þau greinarmerki sem hafa sérstaka merkingu í sviðinu, svo sem oddklofa < >, gæsalappir " ", skástrik /, sviga ( ) og punkt án bils milli orða.

Stórum og litlum stöfum í heitum atriða, undiratriða og kerfisheita í Dublin Core má aldrei breyta.

## Skráningarviðmót

Merki fyrir atriði og sérgreina eru stafastrengir og aðgreining þeirra frá textanum, sem merktur er með þeim, er ekki skýr og hættu er á villum ef merkin eru slegin inn eins og textinn. Til þess að auðvelda setningu lýsigagna og minnka hættu á villum hafa verið gerð sérstök skráningarviðmót (template). Þegar þau eru notuð er textinn aðeins sleginn inn í rétta reiti í viðmótinu og hugbúnaður sér síðan um að bæta viðeigandi merkjunum inn í textann. Eitt slíkt skráningarviðmót var gert í Norræna lýsigagnaverkefninu og hefur það verið notað víða, breytt og bætt, sjá <http://www.lub.lu.se/cgi-bin/nmdc.pl>.

## Tenging lýsigagna við það sem þau lýsa

Tær aðferðir eru til að tengja lýsigögn við gögnin sem þau lýsa. Þau geta staðið í sjálfu HTML skjalinu ásamt því sem þau lýsa og standa þá innan <HEAD> atriðisins </HEAD>.

```
<HTML>
<HEAD>
<TITLE>Bati</TITLE>
<META NAME="DC.Title" CONTENT="Bati">
<META NAME="DC.Creator.PersonalName" CONTENT="Þórarinn Eldjárn">
<META NAME="DC.Date.Created" CONTENT="1998">
<META NAME="DC.Date.Issued" CONTENT="2000">
<META NAME="DC.Type" CONTENT="Ljóð">
<META NAME="DC.Format" CONTENT="text/html">
<META NAME="DC.Language" CONTENT="ic">
<META NAME="DC.Identifier"
  CONTENT="http://www.itn.is/~eldjarn/newwritings.html">
</HEAD>
<BODY><PRE>
Hér áður fyrr var angist mín svo sterk,
ég endaði sem flak og taugabingur
af því að ég kom aldrei neinu í verk
og ævi mín var kvöl og vítahringur.

En allt er breytt, nú uni ég mér glaður
og ekkert hamlar lengur mínum frama.
Nú er ég orðinn nýr og betri maður:
Nú kem ég engu í verk - og er skítsama.
</PRE></BODY>
</HTML>
```

Lýsigögn geta einnig staðið utan gagnanna sem þau lýsa. Þau eru oft geymd í gagnagrunnskerfi og atriðið *Kennimerki* "DC.Identifier", sem er yfirleitt veffang, vísar þá á gögnin sjálf.

```
<META NAME="DC.Title" CONTENT="Bati">
<META NAME="DC.Creator.PersonalName" CONTENT="Þórarinn Eldjárn">
<META NAME="DC.Date.Created" CONTENT="1998">
<META NAME="DC.Date.Issued" CONTENT="2000">
<META NAME="DC.Type" CONTENT="Ljóð">
<META NAME="DC.Format" CONTENT="text/html">
<META NAME="DC.Language" CONTENT="ic">
<META NAME="DC.Identifier"
  CONTENT="http://www.itn.is/~eldjarn/newwritings.html">
```

## Skylduatriði

Skylduatriði eru mismunandi eftir því hvort miðað er við að höfundar efnis láti lýsigögn fylgja verkum sínum eða hvort miðað er við ítarlega skráningu í gagnagrunn.

Skylduatriði fyrir höfunda kennsluefnis:

- Titill
- Höfundur (ef um höfund er að ræða)
- Lýsing (útdráttur)
- Tími (útgáfuár)
- Efnisorð (eitt amk.)
- Markhópur

Skylduatriði fyrir ítarlega skráningu í gagnagrunn (undiratriði og kerfisheiti á að nota við skylduatriði eftir því sem við á):

- Titill
- Höfundur (ef um höfund er að ræða)
- Lýsing
- Tími
- Efnisorð
- Markhópur
- Tegund
- Form
- Kennimerki
- Tungumál
- Tengsl
- Yfirgrip

(Sleppt er forlagi, víkjandi aðild og uppruna)

Endurtekningu atriða, notkun undiratriða og kerfisheita er lýst í leiðbeiningum með hverju atriði. Undiratriði og kerfisheiti eru oftast skylduatriði.

## Uppsetning dæma

Uppsetning dæma með línuskiptum, inndrætti og feitletrun er aðeins gerð til að þau verði læsilegri. META svið er alltaf látið fylla línu eftir því sem línulengd segir til um og getur tekið fleiri en eina línu.

## Titill

**Heiti:** Titill (*skylduatriði*)  
**Merki í HTML:** DC.Title  
**Skilgreining:** Heiti sem gögnum er gefið

---

**Undiratriði** Undiratriði á að notað þegar fleiri en einn titill er tekinn upp til þess að greina á milli mismunandi titla.

**Heiti:** Annar titill  
**Merki í HTML:** DC.Title.Alternative  
**Skilgreining:** Titill í einhverri mynd sem notaður er í stað eiginlegs titils eða afbrigði hans.

---

**Kerfisheiti** (SCHEME) [*Ekki notað*]

---

## Leiðbeiningar

Titill er skylduatriði. Atriðið má ekki endurtaka nema merkja það sem annan titil með "DC.Title.Alternative".

Velja skal sem aðaltitil þann titil sem er mest áberandi. Í vafatilvikum má skoða hvaða mynd titils stendur í <TITLE> sviðinu </TITLE> í gögnunum með því að smella á View - Source. Nöfn ábyrgðaraðila eiga ekki að fylgja.

Ef um fleiri en einn titil er að ræða, svo sem skammstöfun titils, titil á öðru tungumáli eða undirtitil er hver þeirra merktur með "DC.Title.Alternative". Ef enginn titill er til staðar verður að búa til einhvern titil og hafa hann innan [hornklofa].

---

## Dæmi

```
Enn betri leikskóli
<META NAME="DC.Title"
  CONTENT="Enn betri leikskóli">
```

Nemendur sem viðfangsefni greiningar á sérþörfum. Um fjölþjóðlega rannsókn á stýringu og blöndun í menntakerfum

```
<META NAME="DC.Title"
  CONTENT="Nemendur sem viðfangsefni greiningar á sérþörfum">
<META NAME="DC.Title.Alternative"
  CONTENT="Um fjölþjóðlega rannsókn á stýringu og blöndun í
  menntakerfum">
```

Education is partnership. Menntun er samstarfsverkefni

```
<META NAME="DC.Title"
  CONTENT="Education is partnership">
<META NAME="DC.Title.Alternative"
  CONTENT="Menntun er samstarfsverkefni">
```

## Höfundur

**Heiti:** Höfundur (*skylduatriði*)  
**Merki í HTML:** DC.Creator  
**Skilgreining:** Aðili sem ber aðalábyrgð á efni gagna í formi höfundaraðildar.  
**Skýring:** Höfundur getur til dæmis verið einstaklingur, stofnun eða fyrirtæki. Aðili skal yfirleitt auðkenndur með nafni.

---

**Undiratriði** Undiratriði eru notuð til þess að:  
• gera greinarmun á mannanöfnum og stofnanaöfnum;  
• auðkenna hvern höfund sérstaklega og greina hann frá öðrum.

**Heiti:** Nafn einstaklings  
**Merki í HTML:** DC.Creator.PersonalName

**Heiti:** Auðkenni við nafn einstaklings  
**Merki í HTML:** DC.Creator.PersonalName.Id

**Heiti:** Stofnunarnafn  
**Merki í HTML:** DC.Creator.CorporateName

**Heiti:** Auðkenni nafn stofnunar  
**Merki í HTML:** DC.Creator.CorporateName.Id

*(Ath. hvort aðgreina á fyrra og síðara skírnarnafn og föðurnafn Íslendinga og ártal, þetta þarf líklega að gera ef krafa er um að nöfn höfunda verði í samræmi við nafnaskrá Gegnis og bætt í hana nöfnum höfunda sem aðeins eiga höfundaraðild að rafrænu efni.*

DC.Creator.PersonalName.GivenName1  
DC.Creator.PersonalName.GivenName2  
DC.Creator.PersonalName.Patronymic

*Stundum er einnig haft bæði tölvupóstfang og vinnustaður, eru þetta ekki of hverful atriði til að taka með?)*

---

**Kerfisheiti** (SCHEME)

*(Ef kennitala er notuð þarf eitthvert kerfisauðkenni fyrir hana eða má sleppa (SCHEME) og hafa kennitöluna aðeins? SCHEME einnig notað með URLi, sjá EUN)*

**Heiti:** Kennitala  
**Merki í HTML:** SCHEME="KENNITALA" ?



## Leiðbeiningar

Atriðið er notað fyrir alla höfunda (aðalhöfund og meðhöfunda) og má endurtaka eins oft og þarf. (*á að takmarka fjölda höfunda sem eru teknir upp eins og í skráningarreglunum?*)

Höfundur telst sá vera, sem er ábyrgur fyrir efni gagna á þann hátt, að hann hefur átt einhvers konar þátt í samningu eða tilurð efnis, einn eða með öðrum. Sá sem ræður uppsetningu efnis eða birtingarformi, svo sem vefstjóri eða aðrir slíkir, telst ekki höfundur nema hann hafi jafnframt samið efnið. Fremur skal nota þetta atriði en atriðið *Víkjandi aðild* "DC.Contributor" ef vafi leikur á um eðli höfundaraðildar. Ef enginn einstaklingur er augljóslega höfundur má setja stofnun sem höfund ef það getur átt við en oft er aðild stofnunar óljós og í flestum tilfellum á betur við að telja aðild stofnunar víkjandi aðild.

Til þess að gæta samræmis og reyna að tryggja að samnefndir einstaklingar og stofnanir verði aðgreindar og ekki verði notaðar ólíkar nafnmyndir fyrir sama einstakling eða stofnun, skal hafa nafnmyndir einstaklinga og stofnana í samræmi við nafnaskrá Gegnis.

Íslensk mannanöfn skal taka upp í rétttri röð samkvæmt íslenskum nafna- og skráningarvenjum. Víxla skal nafnhlutum erlendra mannanafna og taka kenninafn (ættarnafn) upp á undan eigin nafni (skirnarnafni) og aðskilja þau með kommu og bili (, ).

Nöfn undirstofnana skulu standa undir nafni yfirstofnana, aðgreind með punkti og bili (.)

---

## Dæmi

*Íslenskt nafn:* Alexander J. Jónsson

```
<META NAME="DC.Creator.PersonalName"
```

```
  CONTENT="Alexander J. Jónsson">
```

```
<META NAME="DC.Creator.PersonalName.Id"
```

```
  SCHEME="KENNITALA"
```

```
  CONTENT="9876543210">
```

*Erlent nafn:* Johnson, Alexander

```
<META NAME="DC.Creator.PersonalName"
```

```
  CONTENT="Johnson, Alexander">
```

*Stofnunarnafn:* Menntamálaráðuneytið. Skólarannsóknadeild

```
<META NAME="DC.Creator.CorporateName"
```

```
  CONTENT="Menntamálaráðuneytið. Skólarannsóknadeild">
```

```
<META NAME="DC.Creator.CorporateName.Id"
```

```
  SCHEME="KENNITALA"
```

```
  CONTENT="0123456789">
```

## Efni

**Heiti:** Efni (skylduatriði)  
**Merki í HTML:** DC.Subject  
**Skilgreining:** Orð eða efnistákn sem lýsa efni gagna.  
**Skýring:** Efni gagna er yfirleitt lýst með efnisorðum eða efnisorðasamböndum eða efnistáknum úr flokkunarkerfum. Æskilegst er að nota orð eða efnistákn úr stöðluðum efnisorðaskrá og flokkunarkerfum.

---

**Undiratriði** [Ekki notað]  
(*en ef setja þarf mannannöfn hér?*)  
<META NAME="DC.Subject.PersonalName"  
CONTENT="Jón Sigurðsson f 1811">

---

**Kerfisheiti** (SCHEME)

Þegar efnisorð eða efnistákn er valið úr stöðluðu efnisorða- eða flokkunarkerfi verður heiti kerfis, sem valið er úr, að fylgja. Eftirtalin kerfisheiti fyrir íslenskt efni verður að nota:

**Heiti:** Kerfisbundinn efnisorðalykill  
**Merki í HTML:** SCHEME="KERF"  
**Skilgreining:** Íslenska efnisorðakerfið *Kerfisbundinn efnisorðalykill (thesaurus)* fyrir *bókasöfn*.

**Heiti:** Efnisorðakerfi Landsbókasafns  
**Merki í HTML:** SCHEME="EFN"  
**Skilgreining:** Efnisorðakerfi Landsbókasafns sem til er í tölvutæku formi í efnisorðaforritinu Multi-tes, íslensk efnisorð í Gegni eru úr þessu kerfi.

**Heiti:** Dewey flokkunarkerfið  
**Merki í HTML:** SCHEME="DDC"  
**Skilgreining:** Flokkunarkerfið *Dewey Decimal Classification*. (*er til eitthvert flokkunarkerfi fyrir kennslufni sem til greina kemur að nota?*)

## Leiðbeiningar

Efni er skylduatriði, eitt íslenskt efnisorð er lágmark en ekki skal hafa fleiri en tíu. Hér á aðeins að nota orð úr stöðluðum efnisorðakerfum. Efnisorð, sem eru ekki í stöðluðum efnisorðakerfum og önnur lýsandi orð fyrir efni gagna, skal setja í atriðið *Lýsing* "DC.Description".

Af íslenska efnisorðalistanum skal velja þrengsta efnisorð, eitt eða fleiri, sem lýst getur efni gagna. Forðast skal að nota við efnisorð þegar markviss orð geta átt við.

Ekki skal setja fleiri en eitt efnisorð eða efnisorðasamband eða flokkstölu í svið heldur endurtaka sviðið eins oft og þarf.

Landfræðileg heiti sem efnisorð og tímabil sem táknuð eru með tölum skal fremur hafa í atriðinu *Yfirgríp* "DC.Coverage" en hér.

Efni er notað bæði fyrir efnisorð og flokkstölu. Kerfisheiti (SCHEME) verður að fylgja efnisorðum eða efnistáknum sem valin eru úr stöðluðum efnisorða- og flokkunarkerfum.

*(R.S. og aðrir sem gefa efnisorð þurfa að semja þetta. Á að leyfa frjáls efnisorð, þ.e. sleppa SCHEME eða setja þau í DC.Description?)*

---

## Dæmi

```
<META NAME="DC.Subject"  
  SCHEME="EFN"  
  CONTENT="Námskrá">
```

```
<META NAME="DC.Subject"  
  SCHEME="DDC"  
  CONTENT="371">
```

## Lýsing

<b>Heiti:</b>	Lýsing (skylduatriði)
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Description
<b>Skilgreining:</b>	Texti sem lýsir efni gagna.
<b>Skýring:</b>	Lýsing getur verið útdráttur, efnisyfirlit, myndrænt yfirlit um efni eða lýsing í almennum orðum. Lýsing takmarkast þó ekki við þessi atriði.

---

**Undiratriði** Ef texti í þessu atriði er hvorki efnisyfirlit né útdráttur er undiratriði sleppt.

**Heiti:** Efnisyfirlit  
**Merki í HTML:** DC.Description.TableOfContents

**Heiti:** Útdráttur  
**Merki í HTML:** DC.Description.Abstract

---

### Kerfisheiti (SCHEME) [Ekki notað]

---

### Leiðbeiningar

Atriðið má endurtaka ef bæði undiratriði eru notuð eða koma þarf fyrir mjög ósamstæðum upplýsingum sem ekki fer vel á að hafa saman.

Útdráttur skal vera stuttur og gagnorður. Ef efnisyfirlit eða kaflafyrirsagnir eru lýsandi geta þessi atriði komið í stað útdráttar. Útdrátt, sem er í gögnunum sjálfum eða annars konar kynningu á þeim, má nota með því að afrita hann.

Lýsing ásamt titli og efnisorðum á að geta nægt til þess að notandi geti metið hvort hann hafi gagn af efninu. Orð, sem standa í þessu atriði, má lykla til efnisleitar, þess vegna skiptir máli að velja merkingarberandi orð sem lýsa efni vel. Hafa ber í huga, þegar texti lýsingar er saminn, hvernig orð í íslensku breytast eftir kyni, tölu og falli og hvernig þetta getur gert texta misvel fallinn til orðaleitar.

---

### Dæmi

```
<META NAME="DC.Description.Abstract"  
  CONTENT="Yfirlit yfir framvindu Heklugossins 2000. Sýnt er hvernig skjálftavirkni eykst þar til gos hefst. Rúmmál gosefna og flatarmál hrauns sem rann er sýnt ásamt útbreiðslu öskufalls">
```

```
<META NAME="DC.Description.TableOfContents"  
  CONTENT="Landnámið, Miðaldir, Sjálfstæðisbaráttan">
```

```
<META NAME="DC.Description"  
  CONTENT="Safn ósamstæðra upplýsinga. Er gagnlegt vegna fjölda tengla við efni um agavandamál">
```

## Forlag

<b>Heiti:</b>	Forlag
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Publisher
<b>Skilgreining:</b>	Aðili sem ber aðalábyrgð á útgáfu gagna.
<b>Skýring:</b>	Forlag getur til dæmis verið einstaklingur, stofnun eða fyrirtæki. Aðili skal yfirleitt auðkenndur með nafni.

---

**Undiratriði** Undiratriði eru notuð til þess að:

- gera greinarmun á mannanöfnum og stofnananöfnum;
- auðkenna hvern höfund sérstaklega og greina hann frá öðrum.

<b>Heiti:</b>	Nafn einstaklings sem telst forlag
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Publisher.PersonalName
<b>Heiti:</b>	Auðkenni við nafn einstaklings sem telst forlag
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Publisher.PersonalName.Id
<b>Heiti:</b>	Stofnunarnafn sem telst forlag
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Publisher.CorporateName
<b>Heiti:</b>	Auðkenni við nafn stofnunar sem telst forlag
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Publisher.CorporateName.Id

*(Ath. hvort aðgreina á fyrra og síðara skírnarnafn og föðurnafn Íslendinga og ártal, þetta þarf líklega að gera ef krafa er um að nöfn höfunda verði í samræmi við nafnaskrá Gegnis og bætt í hana nöfnum höfunda sem aðeins eiga höfundaraðild að rafrænu efni.*

DC.Publisher.PersonalName.GivenName1  
DC.Publisher.PersonalName.GivenName2  
DC.Publisher.PersonalName.Patronymic

*Stundum er einnig haft bæði tölvupóstfang og vinnustaður, eru þetta ekki of hverful atriði til að taka með?)*

---

**Kerfisheiti** (SCHEME)

*(Ef kennitala er notuð þarf eitthvert kerfisauðkenni fyrir hana eða má sleppa (SCHEME) og hafa kennitöluna aðeins? SCHEME einnig notað með URLi, sjá EUN*

<b>Heiti:</b>	Kennitala
<b>Merki í HTML:</b>	SCHEME= "KENNITALA" ?

## Leiðbeiningar

Forlag er notað fyrir aðila sem bera ábyrgð á því að gögn eru birt. Yfirleitt er hér um stofnun eða fyrirtæki að ræða. Nafn aðila, sem sett hefur verið í atriðið *Höfundur* "DC.Creator" eða í atriðið *Vikjandi aðild* "DC.Contributor", skal yfirleitt ekki greina jafnframt sem forlag.

Til þess að gæta samræmis og reyna að tryggja að samnefndir einstaklingar og stofnanir verði aðgreindar og ekki verði notaðar ólíkar nafnmyndir fyrir sama einstakling eða stofnun, skal hafa nafnmyndir einstaklinga og stofnana í samræmi við nafnaskrá Gagnis.

Íslensk mannanöfn skal taka upp í rétttri röð samkvæmt íslenskum nafna- og skráningarvenjum. Víxla skal nafnhlutum erlendra mannanafna og taka kenninafn (ættarnafn) upp á undan eigin nafni (skírnamafni) og aðskilja þau með kommu og bili (, ).

Nöfn undirstofnana skulu standa undir nafni yfirstofnana, aðgreind með punkti og bili (.)

---

## Dæmi

*Íslenskt nafn:* Alexander J. Jónsson

```
<META NAME="DC.Publisher.PersonalName"
```

```
  CONTENT="Alexander J. Jónsson">
```

```
<META NAME="DC.Publisher.PersonalName.Id"
```

```
  SCHEME="KENNITALA"
```

```
  CONTENT="9876543210">
```

*Erlent nafn:* Johnson, Alexander

```
<META NAME="DC.Publisher.PersonalName"
```

```
  CONTENT="Johnson, Alexander">
```

*Stofnunarnafn:* Menntamálaráðuneytið. Skólarannsóknadeild

```
<META NAME="DC.Publisher.CorporateName"
```

```
  CONTENT="Menntamálaráðuneytið. Skólarannsóknadeild">
```

```
<META NAME="DC.Publisher.CorporateName.Id"
```

```
  SCHEME="KENNITALA"
```

```
  CONTENT="0123456789">
```

## Víkjandi aðild

<b>Heiti:</b>	Víkjandi aðild
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Contributor
<b>Skilgreining:</b>	Aðili sem á annars konar ábyrgðaraðild að efni gagna en höfundaraðild.
<b>Skýring:</b>	Aðili, sem getur átt víkjandi ábyrgðaraðild, er til dæmis einstaklingur, stofnun eða fyrirtæki. Aðili skal yfirleitt auðkenndur með nafni.

---

**Undiratriði** Undiratriði eru notuð til þess að:

- gera greinarmun á mannanöfnum og stofnanaöfnum;
- auðkenna hvern höfund sérstaklega og greina hann frá öðrum.

<b>Heiti:</b>	Nafn einstaklings
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Contributor.PersonalName

<b>Heiti:</b>	Auðkenni við nafn einstaklings
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Contributor.PersonalName.Id

<b>Heiti:</b>	Stofnunarnafn
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Contributor.CorporateName

<b>Heiti:</b>	Auðkenni við nafn stofnunar
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Contributor.CorporateName.Id

*(Ath. hvort aðgreina á fyrra og síðara skírnarnafn og föðurnafn Íslendinga og ártal, Þetta þarf líklega að gera ef krafa er um að nöfn höfunda verði í samræmi við nafnaskrá Gegnis og bætt í hana nöfnum höfunda sem aðeins eiga höfundaraðild að rafrænu efni.*

DC.Contributor.PersonalName.GivenName1  
DC.Contributor.PersonalName.GivenName2  
DC.Contributor.PersonalName.Patronymic

*Stundum er einnig haft bæði tölvupóstfang og vinnustaður, eru þetta ekki of hverful atriði til að taka með?)*

---

**Kerfisheiti** (SCHEME)

*(Ef kennitala er notuð þarf eitthvert kerfisauðkenni fyrir hana eða má sleppa (SCHEME) og hafa kennitöluna aðeins? SCHEME einnig notað með URLi, sjá EUN*

<b>Heiti:</b>	Kennitala
<b>Merki í HTML:</b>	SCHEME="KENNITALA" ?

## Leiðbeiningar

Víkjandi aðild er notuð fyrir aðila sem eiga annars konar aðild að efni gagna en það sem almennt er talin höfundaraðild. Víkjandi ábyrgðaraðild er til dæmis þýðing, ritstjórn, ritun skýringa, inngangs eða formála og myndskreyting. Aðild höfundar myndefnis getur hins vegar fallið undir höfundaraðild. Í vafatilvikum skal fremur nota atriðið *Höfundur* "DC.Creator" en atriðið *Víkjandi aðild* "DC.Contributor". Sá sem ræður uppsetningu efnis eða birtingarformi, svo sem vefstjóri eða aðrir slíkir, telst ekki til þeirra, sem eiga víkjandi aðild, nema hann eigi jafnframt annars konar aðild sem fallið getur undir þetta atriði. Nafn stofnunar, sem óljóst er hvaða aðild á að gögnum, má setja í þetta atriði ef það ekki jafnframt sett sem forlag.

Til þess að gæta samræmis og reyna að tryggja að samnefndir einstaklingar og stofnanir verði aðgreindar og ekki verði notaðar ólíkar nafnmyndir fyrir sama einstakling eða stofnun, skal hafa nafnmyndir einstaklinga og stofnana í samræmi við nafnaskrá Gagnis.

Íslensk mannanöfn skal taka upp í rétttri röð samkvæmt íslenskum nafna- og skráningarvenjum. Víxla skal nafnhlutum erlendra mannanafna og taka kenninafn (ættarnafn) upp á undan eiginnafni (skírarnafni) og aðskilja þau með kommu og bili (, ).

Nöfn undirstofnana skulu standa undir nafni yfirstofnana, aðgreind með punkti og bili (.)

---

## Dæmi

*Íslenskt nafn:* Alexander J. Jónsson

```
<META NAME="DC.Contributor.PersonalName"  
  CONTENT="Alexander J. Jónsson">
```

```
<META NAME="DC.Contributor.PersonalName.Id"  
  SCHEME="KENNITALA"  
  CONTENT="9876543210">
```

*Erlent nafn:* Johnson, Alexander

```
<META NAME="DC.Contributor.PersonalName"  
  CONTENT="Johnson, Alexander">
```

*Stofnunarnafn:* Menntamálaráðuneytið. Skólarannsóknadeild

```
<META NAME="DC.Contributor.CorporateName"  
  CONTENT="Menntamálaráðuneytið. Skólarannsóknadeild">
```

```
<META NAME="DC.Contributor.CorporateName.Id"  
  SCHEME="KENNITALA"  
  CONTENT="0123456789">
```



## Tími

<b>Heiti:</b>	Tími (skylduatriði)
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Date
<b>Skilgreining:</b>	Dagsetning eða önnur tímasetning sem á við einhvern þátt í ferli gagna.
<b>Skýring:</b>	Dagsetning sýnir til dæmis hvenær gögn urðu til eða voru birt. Mælt er með að greina tíma samkvæmt skilgreiningu í ISO 8601 [W3CDTF] og nota formið ÁÁÁÁ-MM-DD.

---

**Undiratriði** Undiratriði sýna nánar hvers konar tímasetning á gögnum er tilgreind.

<b>Heiti:</b>	Samning
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Date.Created
<b>Skilgreining:</b>	Dagsetning eða önnur tímasetning sem sýnir hvenær gögn urðu til.
<b>Skýring:</b>	Samning er notuð um útgáfuár eða nánari tímasetning útgáfu. Þegar tímasetning samningar (útgáfu) og birtingar falla saman felur þetta undiratriði í sér hvort tveggja. Til dæmis er útgáfuár frumútgáfu verks, sem síðar er birt í rafrænu formi, greint hér í "DC.Date.Created" en birting rafrænu útgáfunnar er þá greint í "DC.Date.Issued" .

<b>Heiti:</b>	Birting
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Date.Issued
<b>Skilgreining:</b>	Dagsetning eða önnur tímasetning sem sýnir hvenær gögn voru birt.
<b>Skýring:</b>	Birtingarár er notað þegar tímasetning birtingar er ekki hin sama og tímasetning samningar (útgáfu). Til dæmis er útgáfuár frumútgáfu verks, sem síðar er birt í rafrænu formi, greint í "DC.Date.Created" en birtingarár rafrænu útgáfunnar er þá greint hér í "DC.Date.Issued" .

<b>Heiti:</b>	Breyting
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Date.Modified
<b>Skilgreining:</b>	Dagsetning eða önnur tímasetning sem sýnir hvenær gögnum var breytt.

<b>Heiti:</b>	Gildistími
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Date.Valid
<b>Skilgreining:</b>	Dagsetning eða önnur tímasetning sem sýnir hvenær gögn teljast vera í gildi.

<b>Heiti:</b>	Aðgangstími
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Date.Available
<b>Skilgreining:</b>	Dagsetning eða önnur tímasetning sem sýnir hvenær gögn verða eða urðu aðgengileg.

**Kerfisheiti** (SCHEME)

Heiti þess tímatáknunarkerfis, sem notað er, verður að fylgja tímasetningu.

**Heiti:** W3C tímatáknun  
**Merki í HTML:** SCHEME="W3CDTF"  
**Sjá einnig:** <http://www.w3.org/TR/NOTE-datetime>

---

### Leiðbeiningar

Tími er skylduatriði, undiratriði og kerfisheiti verða að fylgja. Aðeins skal nota formið ÁÁÁÁ-MM-DD fyrir tíma SCHEME="W3CDTF". Atriðið má aðeins endurtaka með breyttu undiratriði.

Ef tími, sem sýnir samningu "DC.Date.Created", stendur í gögnunum sjálfum skal taka hann upp. Tíma, sem sýnir seinustu breytingu "DC.Date.Modified", skal einnig taka upp. Ef tímasetning seinustu breytingar kemur ekki fram í gögnunum sjálfum má oftast sjá hann í Netscape (View - Page Info). Tímasetningar í Explorer (File - Properties) er ekki að marka og má ekki nota.

Ekki þarf að tilgreina nákvæmari tíma en ár ef nákvæmari tímasetning er ekki fyrir hendi og ekki skal tilgreina stundir, mínútur og sekúndur. Ef tilgreina þarf tímabil er skástrik haft á milli tímasetninga (1995/1998-12-31).

*Hvernig á að tilgreina óvísst tímabil, eins og í AGLS (1997-07-16/-OR-/1997-08-17)?*

Tími er nauðsynlegt atriði þegar það skiptir máli að efni gagna sýni nýjustu upplýsingar.

## Dæmi

```
<META NAME="DC.Date.Created"  
  SCHEME="W3CDTF"  
  CONTENT="2000-01-02">
```

```
<META NAME="DC.Date.Modified"  
  SCHEME="W3CDTF"  
  CONTENT="2000-01-03">
```

```
<META NAME="DC.Date.Valid"  
  SCHEME="W3CDTF"  
  CONTENT="1999-01-01/2000-12-31">
```

Dæmi, þar sem margar dagsetningar geta átt við, er t.d. stundaskrá. Gerð hennar getur hafa lokið 31. júlí, henni er seinast breytt 14. ágúst, aðgangur að henni er frá 15. ágúst til 31. desember en hún gildir frá 1. september til 31 desember.

```
<META NAME="DC.Date.Created" SCHEME="W3CDTF"  
  CONTENT="2000-07-31">
```

```
<META NAME="DC.Date.Modified" SCHEME="W3CDTF"  
  CONTENT="2000-08-14">
```

```
<META NAME="DC.Date.Available" SCHEME="W3CDTF"  
  CONTENT="2000-08-15/2000-12-31">
```

```
<META NAME="DC.Date.Valid" SCHEME="W3CDTF"  
  CONTENT="2000-09-01/2000-12-31">
```

## Tegund

<b>Heiti:</b>	Tegund
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Type
<b>Skilgreining:</b>	Orð sem lýsir tegund eða flokki gagna.
<b>Skýring:</b>	Tegund felur í sér orð sem lýsir flokki eða framsetningargerð efnis. Æskilegast er að velja orð af samræmdum orðalista um tegund (t.d. af bráðabirgðalistanum Dublin Core Types [DCT1]). Til að lýsa ytri búnaði gagna eða stafrænu formi þeirra skal nota <i>Form</i> .

---

### Undiratriði [Ekki notað]

---

#### Kerfisheiti (SCHEME)

Til þess að halda samræmi í orðanotkun á að velja orð af samræmdum orðalista og heiti orðalistans á að fylgja.

<b>Heiti:</b>	DCMI tegundalisti
<b>Merki í HTML:</b>	SCHEME="DCMIType"
<b>Sjá einnig:</b>	<a href="http://purl.org/dc/documents/dcmi-type-vocabulary">http://purl.org/dc/documents/dcmi-type-vocabulary</a>

? **Heiti:** Íslenskur tegundalisti  
? **Merki í HTML:** SCHEME="TEGUND"

Orð á listanum DCMIType: *Collection, Dataset, Event, Image, Interactive resources, Service, Software, Sound, Text*.

Til eru margir aðrir listar á ensku en DCMI-Type. Æskilegt að búa til íslenskan lista. Hann þarf ekki að vera þýðing á þessum.

---

### Leiðbeiningar

Atriðið má endurtaka ef gögn geta fallið í fleiri en einn flokk og eins ef valið er orð fyrir tegund af fleiri en einum lista.

(Á aðeins að leyfa að velja orð af íslenskum orðalista?)

Hér á aðeins að setja orð fyrir einhvern flokk, sem gögn geta fallið í, og nota orð af samræmdum orðalista, t.d. *texti, mynd, hljóðrit*. Þessi tegundaflokkun fer ekki eftir tæknilegu formi gagna. Tæknilegt form er greint í atriðinu *Form* "DC.Format".

## Dæmi

```
<META NAME="DC.Type"  
  SCHEME="DCMIType"  
  CONTENT="Text">
```

```
<META NAME="DC.Type"  
  SCHEME="TEGUND"  
  CONTENT="Próf">
```

## Form

<b>Heiti:</b>	Form
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Format
<b>Skilgreining:</b>	Tækniheiti yfir stafrænt form gagna eða orð sem lýsa ytri búnaði þeirra.
<b>Skýring:</b>	Form getur verið heiti yfir form rafrænna gagna eða stærð gagna. Form má nota til að sjá hvaða hugbúnað, vélbúnað eða annan búnað þarf til að skoða eða nota gögnin. Stærð getur verið stærðarmál eða tímalengd. Æskilegast er að velja orð af samræmdum orðalista (t.d. af listanum Internet Media Types [MIME] sem er listi yfir form rafrænna gagna).

---

**Undiratriði** Undiratriði eru notuð til að aðgreina umfang gagna, tæknilegt form og búnað sem þarf til að nota þau.

<b>Heiti:</b>	Umfang
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Format.Extent
<b>Skilgreining:</b>	Stærð gagna, magn eða tímalengd.

<b>Heiti:</b>	Miðill
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Format.Medium
<b>Skilgreining:</b>	Miðill sem notaður er til að geyma eða flytja gögn.

(Viðbót frá EUN)

<b>Heiti:</b>	<i>Kerfisparfir</i>
<b>Merki í HTML:</b>	<i>DC.Format.X-Requirements</i>
<b>Skilgreining:</b>	<i>Hugbúnaður eða vélbúnaður sem þarf til að hægt sé að nota gögn.</i>

---

**Kerfisheiti** (SCHEME)

Til þess að halda samræmi í orðanotkun á að velja orð af samræmdum orðalista og heiti orðalistans á að fylgja.

<b>Heiti:</b>	IMT tækniorðalisti
<b>Merki í HTML:</b>	SCHEME="IMT"
<b>Skilgreining:</b>	Listi yfir tækniheiti rafrænna gagna á Netinu.
<b>Sjá einnig:</b>	<a href="http://www.isi.edu/in-notes/iana/assignments/media-types/media-types">http://www.isi.edu/in-notes/iana/assignments/media-types/media-types</a>

## Leiðbeiningar

Velja skal orð yfir form gagna af IMT tækniorðalistanum.

Stærð gagna, magni eða tímalengd er lýst í orðum.

Ef gögn krefjast einhvers búnaðar til þess að hægt sé að nota þau skal lýsa honum í orðum.

---

## Dæmi

```
<META NAME="DC.Format.Medium"  
  SCHEME="IMT"  
  CONTENT="text/html">
```

```
<META NAME="DC.Format.X-Requirements"  
  CONTENT="Adobe Acrobat version 3.0 er nauðsynlegt til að nota gögnin">
```

```
<META NAME="DC.Format.Extent"  
  CONTENT="12345 orð">
```

## Kennimerki

<b>Heiti:</b>	Kennimerki
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Identifier
<b>Skilgreining:</b>	Einstakt og ótvírætt kennimerki sem vísar til gagna.
<b>Skýring:</b>	Kennimerki er stafastrengur eða númer. Æskilegast er að kennimerki séu gerð samkvæmt stöðluðu kerfi. Dæmi um slík kerfi eru ýmis stöðluð gagnaauðkenni: URI (Uniform Resource Identifier) (hér með talin vefköng: URL (Uniform Resource Locator)), DOI (Digital Object Identifier) og alþjóðlegt bókarnúmer ISBN (International Standard Book Number)

---

**Undiratriði** *[Ekki notað]*

---

**Kerfisheiti** (SCHEME)

Kerfisheiti sýnir eftir hvaða kerfi kennimerki er gert.

<b>Heiti:</b>	Samræmt gagnaauðkenni
<b>Merki í HTML:</b>	SCHEME= " URI "
<b>Sjá einnig:</b>	<a href="http://www.ietf.org/rfc/rfc2396.txt">http://www.ietf.org/rfc/rfc2396.txt</a>

<b>Heiti:</b>	Alþjóðlegt bókarnúmer (ISBN)
<b>Merki í HTML:</b>	SCHEME= " ISBN "

<b>Heiti:</b>	Alþjóðlegt tímaritsnúmer (ISSN)
<b>Merki í HTML:</b>	SCHEME= " ISSN "

---

### Leiðbeiningar

Kennimerki er skylduatriði. Atriðið má endurtaka ef gögn hafa fleiri en eitt númer sem fallið getur undir þetta atriði.

Kennimerki rafrænna gagna er samræmt gagnaauðkenni URI (Uniform Resource Identifier). Það er yfirleitt veffang (URL) en getur líka verið URN (Uniform Resource Name) og DOI (Digital Object Identifier).

Bækur og tímarit í rafrænu formi geta haft ISBN og ISSN.



## Dæmi

```
<META NAME="DC.Identifier"  
  SCHEME= "URI"  
  CONTENT="http://www.lib.helsinki.fi/meta/index.html">
```

```
<META NAME="DC.Identifier"  
  SCHEME="URI"  
  CONTENT="URN:NBN:fi-fe19991055">
```

```
<META NAME="DC.Identifier"  
  SCHEME= "URI"  
  CONTENT="DOI:10.1045/january99-bearman">
```

```
<META NAME="DC.Identifier"  
  SCHEME="ISSN"  
  CONTENT="1239-9132">
```

## Uppruni

<b>Heiti:</b>	Uppruni
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Source
<b>Skilgreining:</b>	Tilvísun til frumgagna.
<b>Skýring:</b>	Gögn, sem um ræðir, geta verið leidd af öðrum gögnum (frumgögnum) að öllu leyti eða að hluta. Æskilegast er að vísa til frumgagna með stafastreng eða númeri sem gert er samkvæmt stöðluðu kerfi.
<b>Undiratriði:</b>	<i>Úr EUN:</i> <i>? Öll atriði í Dublin Core önnur en "Source" og "Relation" má nota sem undiratriði. Ef hægt er að vísa til frumgagna með kennimerki og fá beinan aðgang að þeim nægir það. Ef ekki er hægt að fá beinan aðgang að frumgögnum, t.d. af því að þau eru ekki í rafrænu formi, er mælt með að nota</i> <i>DC.Source.Title</i> <i>DC.Source.Creator</i> <i>DC.Source.Date</i> <i>eða</i> <i>Höfundur: Titill. Útgáfa. Útgáfustaður : Forlag, Ár</i> <i>&lt;META NAME="DC.Source" CONTENT="Hallgrímur Pétursson: Passíusálmarnir. 1661. Eiginhandarit"&gt;</i>

---

### **Kerfisheiti** (SCHEME)

*Ef kennimerki (staðlað númer) frumgagna er notað í tilvísun til þeirra þarf kerfisheiti að fylgja kennimerki.*  
*ENGIR SÉRGR. SKV. DCM!!!*

<b>Heiti:</b>	Samræmt gagnaauðkenni
<b>Merki í HTML:</b>	SCHEME="URI"

---

### **Leiðbeiningar**

*(Hvernig á að nota þetta atriði?. Í fljótu bragði er ekki hægt að sjá annað en að atriðið Tengsl með undiratriðum nái yfir einhver skonar uppruna, t.d. DC.Relation.IsFormatOf. Etv. mætti einskorða notkun þessa atriðis við gögn sem ekki eru í rafrænu formi en nota atriðið Tengsl fyrir öll tengsl milli rafrænna gagna.)*

Uppruni er notaður þegar vísað er til frumgagna sama hvert form þeirra er. Hér getur verið um að ræða handrit, sem stafræn mynd er til af, eða texta í rafrænu formi, sem hefur verið þýddur.

Ef frumgögn eru ekki í rafrænu form skal nota þetta atriði til þess að vísa til þeirra. Þegar vísað er milli rafrænna gagna skal fremur nota atriðið *Tengsl* "DC.Relation".

## Dæmi

<META NAME="DC.Source.Title"  
CONTENT="Njáls saga">

<META NAME="DC.Source.Publisher.CorporateName"  
CONTENT="Mál og menning">

<META NAME="DC.Source.Date"  
CONTENT="1991">

<META NAME="DC.Source.Identifier"  
SCHEME="ISBN"  
CONTENT="9979302313">

*eða*

<META NAME="DC.Source"  
CONTENT="Njáls saga. Mál og menning, 1991. ISBN 9979302313">

<META NAME="DC.Source.Identifier"  
SCHEME="URI"  
CONTENT="<http://www.???.is>">

## Tungumál

<b>Heiti:</b>	Tungumál
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Language
<b>Skilgreining:</b>	Tungumál á efni gagna.
<b>Skýring:</b>	Æskilegast er að tákna tungumál með tveggja stafa kóta af staðlinum ISO 639-2 [ISO639-2] eins og sagt er fyrir um í RFC 1766 [RFC1766]. Tveggja stafa landakóti af staðlinum ISO 3166 [ISO3166] má fylgja, t.d. 'en' fyrir ensku, 'fr' fyrir frönsku eða 'en-uk' fyrir ensku eins og hún er notuð á Bretlandseyjum.

---

**Undiratriði** *[Ekki notað]*

---

**Kerfisheiti** (SCHEME)

Heiti skammstafanalista sem kóti fyrir tungumál er valinn af.

<b>Kerfisheiti:</b>	ISO 639-2
<b>Merki í HTML:</b>	SCHEME="ISO639-2"
<b>Sjá einnig:</b>	<a href="http://lcweb.loc.gov/standards/iso639-2/langhome.html">http://lcweb.loc.gov/standards/iso639-2/langhome.html</a>

---

### Leiðbeiningar

Tungumál gagna er skylduatriði. Aðeins skal nota tveggja stafa kóta samkvæmt ISO 639-2. Kóti fyrir íslensku "ic" er sjálfgefinn. Ef texti gagna er á öðru tungumáli skal velja viðeigandi kóta. Ef atriði á ekki við, t.d. gögn teljast til myndefnis án texta, er atriðinu sleppt. (*EUN notar "x-unknown" í slíkum tilfellum.*)

---

### Dæmi

```
META NAME="DC.Language"  
  SCHEME="ISO639-2"  
  CONTENT="ic">
```

## Tengsl

**Heiti:** Tengsl  
**Merki í HTML:** `DC.Relation`  
**Skilgreining:** Tilvísun til skyldra gagna.  
**Skýring:** Æskilegast er að vísa til skyldra gagna með stafastreng eða númer sem gert er samkvæmt stöðluðu kerfi.

---

**Undiratriði** Undiratriði eru notuð til að sýna mismunandi tengsl milli gagna. Staðfestar hafa verið eftirtaldar tilvísanasamstæður milli tengdra gagna:

---

**Heiti:** Fyrri gerð (sem vísað er til)  
**Merki í HTML:** `DC.Relation.IsVersionOf`  
**Skilgreining:** Gögn, sem verið er að lýsa, eru breytt gerð eða útgáfa þeirra gagna sem vísað er til. Breytt gerð merkir breytingar á efni gagna fremur en á formi þeirra.

**Heiti:** Síðari gerð (sem vísað er til)  
**Merki í HTML:** `DC.Relation.HasVersion`  
**Skilgreining:** Gögn, sem verið er að lýsa, eru til í breyttri gerð eða útgáfu sem vísað er til.

---

**Heiti:** Nýrri gögn (sem vísað er til)  
**Merki í HTML:** `DC.Relation.IsReplacedBy`  
**Skilgreining:** Gögn, sem vísað er til, koma í stað þeirra gagna sem verið er að lýsa.

**Heiti:** Eldri gögn (sem vísað er til)  
**Merki í HTML:** `DC.Relation.Replaces`  
**Skilgreining:** Gögn, sem verið er að lýsa, koma í stað þeirra gagna sem vísað er til.

---

**Heiti:** Gögn sem þurfa fylgigögn (og vísað er til)  
**Merki í HTML:** `DC.Relation.IsRequiredBy`  
**Skilgreining:** Gögn, sem verið er að lýsa, eru nauðsynleg fylgigögn með þeim gögnum sem vísað er til annaðhvort að því er varðar ytri búnað eða innihald.

**Heiti:** Fylgigögn (sem vísað er til)  
**Merki í HTML:** `DC.Relation.Requires`  
**Skilgreining:** Gögn, sem verið er að lýsa, þurfa nauðsynlega þau gögn sem vísað er til annaðhvort að því er varðar ytri búnað eða innihald.

---

<b>Heiti:</b>	Heild (sem vísað er til)
<b>Merki í HTML:</b>	<code>DC.Relation.IsPartOf</code>
<b>Skilgreining:</b>	Gögn, sem verið er að lýsa, eru hluti þeirra gagna sem vísað er til að því er varðar ytri búnað eða innihald.

  

<b>Heiti:</b>	Hluti (sem vísað er til)
<b>Merki í HTML:</b>	<code>DC.Relation.HasPart</code>
<b>Skilgreining:</b>	Gögnum, sem verið er að lýsa, tilheyrir hluti sem vísað er til.

---

<b>Heiti:</b>	Gögn með tilvitnunum (sem vísað er til)
<b>Merki í HTML:</b>	<code>DC.Relation.IsReferencedBy</code>
<b>Skilgreining:</b>	Gögn, sem vísað er til, vitna í eða í þeim eru einhvers konar tilvísanir til þeirra gagna sem verið er að lýsa.

  

<b>Heiti:</b>	Gögn sem vísað er til
<b>Merki í HTML:</b>	<code>DC.Relation.References</code>
<b>Skilgreining:</b>	Gögn, sem verið er að lýsa, vísa til, vitna í eða í þeim eru einhverskonar tilvísanir til þeirra gagna sem vísað er til.

---

<b>Heiti:</b>	Fyrri form (sem vísað er til)
<b>Merki í HTML:</b>	<code>DC.Relation.IsFormatOf</code>
<b>Skilgreining:</b>	Gögn, sem verið er að lýsa, eru að efni til eins og þau gögn sem vísað er til en formið er annað.

  

<b>Heiti:</b>	Síðara form (sem vísað er til)
<b>Merki í HTML:</b>	<code>DC.Relation.HasFormat</code>
<b>Skilgreining:</b>	Gögn, sem verið er að lýsa, eru eldra form þeirra gagna sem vísað er til en að efni til eru þau eins.

---

<b>Kerfisheiti</b>	(SCHEME)
	Ef kennimerki (staðlað númer) gagna er notað í tilvísun til þeirra þarf kerfisauðkenni að fylgja kennimerki.
<b>Heiti:</b>	Samræmt gagnaauðkenni
<b>Merki í HTML:</b>	<code>SCHEME="URI"</code>
<b>Skilgreining:</b>	Samræmt gagnaauðkenni (Uniform Resource Identifier) er númer eða stafastrengur gerður samkvæmt sérstöku kerfi.
<b>Sjá einnig:</b>	<a href="http://www.ietf.org/rfc/rfc2396.txt">http://www.ietf.org/rfc/rfc2396.txt</a>

---

## Leiðbeiningar

Tengsl eru notuð til þess að tengja saman gögn þegar nauðsynlegt getur verið að sjá tengsl milli rafrænna gagna. Ef sýna þarf tengsl við frumtexta, sem hefur verið þýddur eða við gögn, sem eru ekki í rafrænu formi, skal í flestum tilvikum nota atriðið *Uppruni* "DC.Source".

Þegar vísað er á milli rafrænna gagna á aðeins að nota kennimerki (veffang) í tilvísuninni. Ef vísað er til gagna, sem ekki eru í rafrænu formi, skal nota formið: Höfundur: Titill. Útgáfa. Útgáfustaður : Forlag, Ár.

Nota skal undiratriði þegar þau eiga við en þeim má sleppa til dæmis ef tengsl eru skýrð með setningu og ekki er hægt að vísa beint til tengdra gagna með kennimerki (veffangi).

---

## Dæmi

Í dæmunum eru sýnd þau tengsl sem helst getur komið til greina að sýna.

```
<META NAME="DC.Relation"
  CONTENT="Tölfræðiupplýsingar sem hér er birtar eru teknar af vefsíðum
  þeirra stofnana sem um ræðir">
```

---

```
<META NAME="DC.Relation.IsVersionOf"
  SCHEME="URI"
  CONTENT="http://????.is">
<META NAME="DC.Relation.HasVersion"
  SCHEME="URI"
  CONTENT="http://????.is">
```

Ath. ef atriði *Tengsl* er notað þegar lýst er 2. útgáfu. af gögnum, sem til eru í þremur útgáfum, þarf að vísa til næstu útgáfu á undan (1. útg.) með "DC.Relation.IsVersionOf" og einnig til næstu útgáfu á eftir með "DC.Relation.HasVersion". Útgáfa gagnanna sjálfra, sem verið er að lýsa, á að standa í atriðinu "X-Version".

---

```
<META NAME="DC.Relation.IsRequiredBy"
  SCHEME="URI"
  CONTENT="http://????.is">
<META NAME="DC.Relation.Requires"
  SCHEME="URI"
  CONTENT="http://????.is">
```

Þessa tegund af tengslum má nota þegar lýst er kennsluefni sem skýringar eru til við. Þegar kennsluefninu er lýst þarf að vísa til skýringanna með "DC.Relation.Requires" og þegar skýringunum er lýst þarf að vísa til kennsluefnisins með "DC.Relation.IsRequiredBy".

```
<META NAME="DC.Relation.IsPartOf"  
  SCHEME= "URI"  
  CONTENT="http://???.is">  
<META NAME="DC.Relation.HasPart"  
  SCHEME= "URI"  
  CONTENT= "http://???.is">
```

Notkun þessarar tegundar af tengslum þarf ekki að vera gagnkvæm, þ.e. þótt vísað sé frá öllum hlutum til heildar með "DC.Relation.IsPartOf" þarf ekki að vísa frá heildinni til allra hlutanna með "DC.Relation.HasPart", t.d. yrði aldrei vísað þannig til allra greina í rafrænu tímariti. Í öðrum tilvikum þar sem fjöldi hluta er takmarkaður er eðlilegt að vísa til þeirra.



## Yfirlit

<b>Heiti:</b>	Yfirlit
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Coverage
<b>Skilgreining:</b>	Rúm og tími sem efni gagna nær yfir.
<b>Skýring:</b>	Yfirlit felur í sér staðsetningu í rúmi (staðarnafn eða hnitapunkta), tíma (ákveðinn tíma eða tímabil táknað með heiti eða tölum) eða heiti á stjórnsýsluumdæmi (land, fylki, sveitarfélag). Æskilegast er að velja heiti af samræmdum lista (t.d. Thesaurus of Geographic Names [TGN]). Fremur skal nota heiti um staði og tímabil, þar sem það á við, en tákna þau með tölum svo sem hnitapunktum, dagsetningu eða árabili.

---

## Undiratriðið staðsetning

<b>Heiti:</b>	Staðsetning
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Coverage.Spatial
<b>Skilgreining:</b>	Staður eða landsvæði sem gögn fjalla um eða takmarkast við.

---

## Kerfisheiti fyrir staðsetningu (SCHEME)

<b>Heiti:</b>	Landa- og ríkjaheiti
<b>Merki í HTML:</b>	SCHEME="LANDAHEITI"
<b>Skilgreining:</b>	Íslensk heiti landa og ríkja í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar.

*Sleppa öðrum kerfum sem talin eru upp hér að neðan eða sleppa öllum*

<b>Heiti:</b>	DCMI staðsetning
<b>Merki í HTML:</b>	SCHEME="Point"
<b>Skilgreining:</b>	Staðsetning er ákvörðuð með því að tilgreina hnitapunkta staðar.
<b>Sjá einnig:</b>	<a href="http://purl.org/dc/documents/dcmi-point">http://purl.org/dc/documents/dcmi-point</a>

<b>Heiti:</b>	ISO 3166
<b>Merki í HTML:</b>	SCHEME="ISO3166"
<b>Skilgreining:</b>	Staðallinn ISO 3166 um kótun landaheita.
<b>Sjá einnig:</b>	<a href="http://www.din.de/gremien/nas/nabd/iso3166ma/codlstp1/index.html">http://www.din.de/gremien/nas/nabd/iso3166ma/codlstp1/index.html</a>

<b>Heiti:</b>	DCMI svæðismörk
<b>Merki í HTML:</b>	SCHEME="Box"
<b>Skilgreining:</b>	Staðsetning er ákvörðuð með því að tilgreina mörk svæðis.
<b>Sjá einnig:</b>	<a href="http://purl.org/dc/documents/dcmi-box">http://purl.org/dc/documents/dcmi-box</a>

<b>Heiti:</b>	Thesaurus of Geographic Names
<b>Merki í HTML:</b>	SCHEME="TGN"
<b>Skilgreining:</b>	Staðarnafn samkvæmt <i>Getty Thesaurus of Geographic Names</i> .
<b>Sjá einnig:</b>	<a href="http://shiva.pub.getty.edu/tgn_browser">http://shiva.pub.getty.edu/tgn_browser</a>

## Undiratriðið tímasetning

**Heiti:** Tímasetning  
**Merki í HTML:** DC.Coverage.Temporal  
**Skilgreining:** Tími eða tímabil sem efni gagna fjallar um eða takmarkast við.

---

### Kerfisheiti fyrir tímasetningu (SCHEME)

**Heiti:** DCMI tímatáknun  
**Merki í HTML:** SCHEME="Period"  
**Skilgreining:** Reglur DCMI um táknun upphafs og enda tímabils.  
**Sjá einnig:** <http://purl.org/dc/documents/dcmi-period>

**Heiti:** W3C tímatáknun  
**Merki í HTML:** SCHEME="W3CDTF"  
**Skilgreining:** Reglur W3C um táknun dagsetningar og tíma (W3C Date Time Format), byggðar á ISO 8601.  
**Sjá einnig:** <http://www.w3.org/TR/NOTE-datetime>

---

### Leiðbeiningar

Yfirgrip er efnisorðasvið fyrir stað og tíma. Undiratriði á að nota.  
(Á að sleppa kerfisheitum?)

Staður getur verið stjórnsýsluumdæmi, landsvæði eða ákveðinn staður. Ekkert kerfisheiti skal nota með nöfnum staða eða stjórnsýsluumdæma á Íslandi. Nota skal íslensk nöfn á erlendum ríkjum og stöðum eins og þau eru skráð í Orðabanka Íslenskrar málnefndar og láta kerfisheiti fylgja í þeim tilvikum.

Tími er einhvers konar tímabil eða ákveðinn tími táknaður með tölum. Nota skal tímatáknun W3C alltaf þegar það getur átt við. Ef tími er táknaður á annan hátt, t.d. "20. öld" skal sleppa kerfisheitum fyrir tímatáknun.

Tímabil sem er táknað með heiti en ekki tölum, t.d. "Endurreisnartíminn" skal fremur hafa í atriðinu *Efni* "DC.Subject" en hér.

## Dæmi

<META NAME="DC.Coverage.Spatial"  
CONTENT="Ísland">

<META NAME="DC.Coverage.Spatial"  
CONTENT="Skagafjarðarsýsla">

<META NAME="DC.Coverage.Spatial"  
SCHEME="LANDAHEITI"  
CONTENT="Búrkína Fasó">

<META NAME="DC.Coverage.Temporal"  
CONTENT="20. öld">

<META NAME="DC.Coverage.Temporal"  
SCHEME="W3CDTF"  
CONTENT="1914-1918">

*(Til athugunar: tímabil á sömu öld geta verið táknuð á ólíkan hátt skv. efniorðavenju  
Lbs-Hbs. Dæmi: Sjálfstæðisbaráttan - 1904-1918  
Sjálfstæðisbaráttan - 20. öld*

*Tímabilið byrjar í öðru tilvikinu á 19 en í hinu á 20. Hvernig geta notendur áttað sig á  
þessu þegar þeir fara að leita og vilja stýfa ártal og leita að efni sem takmarkast við  
tuttugustu öld?)*

## Réttur

<b>Heiti:</b>	Réttur á gögnum
<b>Merki í HTML:</b>	DC.Rights
<b>Skilgreining:</b>	Upplýsingar um rétt á gögnum og rétthafa.
<b>Skýring:</b>	Hér standa upplýsingar um skilyrði fyrir notkun gagna og um rétthafa eða tilvísun til slíkra upplýsinga. Upplýsingar um rétt taka oft til eignarréttar, höfundarréttar eða afnotaréttar. Þótt þetta atriði sé ekki til staðar má ekki draga af því neina ályktun varðandi hvers konar rétt á gögnum.

---

**Undiratriði** *[Ekki notað]*  
*(EUN notar DC.Rights.X-Price fyrir verð)*

---

### Kerfisheiti fyrir samræmt gagnaauðkenni (SCHEME)

Ef vísað er til upplýsinga um rétt eða rétthafa með kennimerki (oftast veffangi URL) þarf kerfisauðkenni að fylgja kennimerki.

<b>Heiti:</b>	Samræmt gagnaauðkenni
<b>Merki í HTML:</b>	SCHEME= "URI "
<b>Skilgreining:</b>	Samræmt gagnaauðkenni (Uniform Resource Identifier) er númer eða stafastrengur gerður samkvæmt sérstöku kerfi.
<b>Sjá einnig:</b>	<a href="http://www.ietf.org/rfc/rfc2396.txt">http://www.ietf.org/rfc/rfc2396.txt</a>

### Kerfisheiti fyrir gjaldmiðil (SCHEME)

<b>Heiti:</b>	Íslenskar krónur
<b>Merki í HTML:</b>	SCHEME= "IKR"

---

## Leiðbeiningar

Rétt má nota til að vísa til upplýsinga um rétt á gögnum eða hvort notkun þeirra er háð einhverjum skilyrðum og stendur þá aðeins kennimerki (veffang) þeirra gagna, sem veita slíkar upplýsingar, í sviðinu.

Ef ekki er hægt að vísa til upplýsinga um rétt á gögnum má lýsa skilyrðum fyrir notkun.

*(Ath. hvort alltaf á að nota þetta atriði, líka þegar afnotaréttur er frjálss, eða aðeins þegar einhverjar takmarkanir eru á notum og verð t.d.)*

## Dæmi

```
<META NAME="DC.Rights"  
  SCHEME="URI"  
  CONTENT="http://www.listir/stef/retthafar">
```

```
<META NAME="DC.Rights"  
  CONTENT="Til frjálsra afnota">
```

```
<META NAME="DC.Rights.X-Price"  
  SCHEME="IKR"  
  CONTENT="2300">  
  (ef verð verður sett hér)
```

## Útgáfa eða breytt gerð (viðbótaratriði, EdNA, EUN, GEM, LOM)

**Heiti:** Útgáfa  
**Merki í HTML:** X-Version  
**Skilgreining:** Útgáfa eða breytt gerð gagna.

---

**Undiratriði** *[Ekki notað]*

---

**Kerfisheitii** *[Ekki notað]*

---

### Leiðbeiningar

Atriðið er notað til að sýna hvort gögn eru í ákveðinni útgáfu eða breyttri gerð.

---

### Dæmi

```
<META NAME="X-Version"  
  CONTENT="2. útg.">
```

```
<META NAME="X-Version"  
  CONTENT="Endurskoðuð útg.">
```

## Markhópur (viðbótaratriði, EdNA, EUN, GEM, LOM)

**Heiti:** Markhópur (*skylduatriði*)  
**Merki í HTML:** X-Audience  
**Skilgreining:** Notendahópur sem gögn eru sniðin fyrir.

---

**Undiratriði** [*Ekki notað*]

---

**Kerfisheiti** (SCHEME)

Listi sem orð yfir markhóp er valinn af.

**Heiti:** Orðalisti um notendur??  
**Merki í HTML:** SCHEME= " ?NOTENDUR? "

---

### Leiðbeiningar

Markhópur sýnir notendahóp sem gögn eru sniðin fyrir eða henta. Atriðið verður að nota þegar gögn eru gerð með ákveðinn notendahóp í huga.  
*(Ath. á alltaf að nota atriðið (hafa almennungu sem einn hóp) eða aðeins þegar um sérhópa er að ræða? Á að sameina notendahóp og aldur eins og EUN gerir eða hafa aldur sérstakt atriði?)*

Aðeins á að velja orð af íslenska orðalistanum.

---

### Dæmi

```
<META NAME="X-Audience"  
  SCHEME="NOTENDUR"  
  CONTENT="Nemendur">
```

## Staðall (viðbótaratriði, GEM)

**Heiti:** Staðall  
**Merki í HTML:** X-Standards  
**Skilgreining:** Staðall sem gögn eru gerð eftir.

*(Ætti að vera hægt að velja af lista, ekki um svo margt að ræða. Ath. getur tilvísun til Aðalnámskrár komið hér ef efnið uppfyllir kröfur sem þar eru settar fram? )*

---

**Undiratriði** Undiratriði eru notuð til þess að sýna á ótvíræðan hátt eftir hvaða staðli er farið.

**Heiti:** Kennimerki  
**Merki í HTML:** X-Standards.Identifier  
**Skilgreining:** Staðalnúmer eða eitthvert annað einstakt auðkenni, til dæmis ISBN eða veffang ef staðall er til í rafrænu formi.

**Heiti:** Gerð  
**Merki í HTML:** X-Standards.Version  
**Skilgreining:** Gerð eða útgáfa staðals sem gögn eru gerð eftir.

---

**Kerfisheiti** (SCHEME)

Ef kennimerki gagna (oftast veffang URL) er notað í tilvísun til þeirra þarf kerfisauðkenni að fylgja kennimerki.

**Heiti:** Samræmt gagnaauðkenni  
**Merki í HTML:** SCHEME= " URI "

**Heiti:** Alþjóðlegt bóknúmer (ISBN)  
**Merki í HTML:** SCHEME= " ISBN "

**Heiti:** Alþjóðlegt tímaritsnúmer (ISSN)  
**Merki í HTML:** SCHEME= " ISSN "

---

### Leiðbeiningar

Atriðið er notað fyrir heiti staðals. Til þess að auðkenna staðal enn frekar skal endurtaka atriðið með viðeigandi undiratriðum ef þau geta átt við.

*(Má nota þetta atriði til að gefa til kynna hvort kennslufni uppfyllir markmið námskrár eða á að hafa það sérstakt viðbótaratriði)*



## Dæmi (tilbúið)

```
<META NAME="X-Standards"  
  CONTENT="Staðall um kennsluefni fyrir grunnskóla - íslenska">  
<META NAME="X-Standards.Version"  
  CONTENT="2. útg.">  
<META NAME="X-Standards.Identifier"  
  CONTENT="MRNST-001">  
<META NAME="X-Standards.Identifier"  
  SCHEME="ISBN"  
  CONTENT="997987654X">  
  
<META NAME="X-Standards"  
  CONTENT="Aðalnámskrá framhaldsskóla : íslenska : 1999">  
<META NAME="X-Standards.Identifier"  
  SCHEME="URI"  
  CONTENT="http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/AFislenska.pdf">  
<META NAME="X-Standards.Identifier"  
  SCHEME="ISBN"  
  CONTENT="9979882271">
```

## Mat á efni (viðbótaratriði, EdNA, EUN, GEM, LOM)

**Heiti:** Mat á efni  
**Merki í HTML:** X-Quality  
**Skilgreining:** Mat á gæðum efnis  
(Einkunnagjöf, vont, gott, frábært eða einhver umsögn svo sem uppfyllir kröfur námskrár. Einnhver undiratriði þarf ef þetta er notað, t.d. hver lagði mat á efnið.  
Er hugsanlegt að hafa þetta undir X-Standards?

---

### Undiratriði

**Heiti:** Gæði  
**Merki í HTML:** X-Quality.Value

**Heiti:** Aðili sem lagði mat á efni  
**Merki í HTML:** X-Quality.Authority

---

**Kerfisheiti** (SCHEME) [Ekki notað]

---

### Leiðbeiningar

Hvernig og hvort á að nota þetta

---

### Dæmi (tilbúið)

```
<META NAME="X-Quality.Value"  
  CONTENT="10">  
<META NAME="X-Quality.Authority"  
  CONTENT="Menntamálaráðuneytið. Þróunardeild, Jón Jónsson">
```

## Skráningarupplýsingar (viðbótaratriði, EdNA, EUN, GEM, LOM) (líklega er þetta innbyggt í öllum kerfum)

**Heiti:** Skráningarupplýsingar  
**Merki í HTML:** X-Metadata  
**Skilgreining:** Nafn aðila sem skráir. Nafn stofnunar, sem ber ábyrgð á skráningu að viðbættu nafni þess einstaklings sem vann verkið.

---

### Undiratriði

**Heiti:** Aðili sem skráir  
**Merki í HTML:** X-Metadata.Creator

**Heiti:** Netfang  
**Merki í HTML:** X-Metadata.Creator.Email

**Heiti:** Skráningardagur  
**Merki í HTML:** X-Metadata.DateCreated

**Heiti:** Breytingardagur  
**Merki í HTML:** X-Metadata.DateModified

---

### Kerfisheiti (SCHEME)

Heiti þess tímatáknunarkerfis sem notað er.

**Heiti:** W3C tímatáknun  
**Merki í HTML:** SCHEME="W3CDTF"

---

### Leiðbeiningar

Þetta atriði er notað til þess sýna hvaða aðili ber ábyrgð á lýsigagnaskráningunni. Undiratriði á alltaf að nota.

Nafn aðila sem skráir á að vera samsett af stofnun, sem ber ábyrgð á skráningu, ef um slíkt er að ræða og nafni þess einstaklings sem skráir.

Netfang á að vera eitthvert netfang sem tilheyrir þeim sem vinna við skráninguna.

*Ef skráning er enduskoðuð af öðrum aðila en þeim sem skráir vantar þá ekki undiratriði fyrir hann "Modifier"*

## Dæmi (tilbúið)

```
<META NAME="X-Metadata.Creator"  
  CONTENT="Menntamálaráðuneytið, Jón Jónsson">  
<META NAME="X-Metadata.DateCreated"  
  SCHEME="W3CDTF"  
  CONTENT="2000-11-11">  
<META NAME="X-Metadata.DateModified"  
  SCHEME="W3CDTF"  
  CONTENT="2000-11-12">
```